

Persónuverndar- og upplýsingaöryggisstefna

Inngangur

Okkur hjá Lögmönnum Fossvogi er umhugað um persónuvernd og höfum einsett okkur að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sem við meðhöndlum og höfum því sett okkur persónuverndarstefnu sem birt er hér á vefsíðu okkar.

Persónuverndarstefna þessi tekur til persónuupplýsinga sem varða einstaklinga sem eru í viðskiptum við okkur. Við virðum rétt þeirra og viljum stuðla að því að farið sé með persónuupplýsingar í samræmi við grundvallarsjónarmið, reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Við tryggjum að öll meðferð persónuupplýsinga sé ávallt í samræmi við ákvæði gildandi laga nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Markmið þessarar persónuverndarstefnu er að upplýsa þig um það hvernig við meðhöndlum persónuupplýsingar um þig, s.s. um vinnslu, varðveislu og öryggi þeirra.

Upplýsingar um ábyrgðaraðila

Ábyrgðaraðili erum við sjálf hjá Lögmennt Fossvogi ehf., kt. 410622-0410, Kjarrvegi 3, 108, Reykjavík. Ábyrgðaraðili ákveður bæði tilgang og aðferð við vinnslu persónuupplýsinga sem viðskiptavinir eða þeir sem heimsækja vefsíðu fyrirtækisins veita fyrirtækinu. Þú getur haft samband við ábyrgðaraðila okkar á eftirfarandi netfangi: sylvia@logmennfossvogi.is

Hvað eru persónuupplýsingar?

Persónuupplýsingar í skilningi stefnu þessarar eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings. Ópersónugreinanleg gögn teljast ekki til persónuupplýsinga.

Tegundir persónuupplýsinga sem unnið er með og tilgangur vinnslu.

Við vinnum með og varðveitum einungis þær upplýsingar sem okkur eru nauðsynlegar í þeim tilgangi að uppfylla markmið okkar fyrir þig.

Þegar þú sendir okkur fyrirspurn á vefsíðu okkar, þá óskum við einungis eftir lágmarks nauðsynlegum persónuupplýsingum til þess að unnt sé mæta þörfum þínum í tengslum við þjónustu okkar. Þær nauðsynlegu upplýsingar sem við fáum eru tengiliðaupplýsingar og aðrar upplýsingar í tengslum við þjónustu okkar.

Almennar persónuupplýsingar: Tengiliðaupplýsingar: Fullt nafn, netfang og símanúmer eru upplýsingar sem við notum til að veita þjónustu okkar. Netfang og símanúmer er notað fyrir samskipti okkar við þig þegar þú sendir okkur fyrirspurn.

Viðkvæmar persónuupplýsingar: Sumar persónuupplýsingar eru túlkaðar sem viðkvæmar persónuupplýsingar samkvæmt 3. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þetta geta t.d. verið upplýsingar um kynþátt, þjóðernislegan uppruna, trúarbrögð, heilsufarsupplýsingar (sem geta bæði tekið til líkamlegra og andlegra þátta) og upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, lífkennaupplýsingar og upplýsingar um kynhneigð.

Uppruni persónuupplýsinga

Við söfnum persónuupplýsingum beint frá þér og öðrum aðilum t.d. þeim sem þú hefur veitt okkur umboð til að safna upplýsingum frá. Þeir aðilar geta verið aðrir einstaklingar, opinberar stofnanir og einkaaðilar s.s. tryggingarfélag, fjármálastofnanir o.fl.

Varðveislutími gagna

Upplýsingar um viðskiptavini og forsvarsmenn ásamt tengiliðum viðskiptavina sem unnar eru vegna stofnunar viðskipta eru varðveittar í fjögur ár frá lokum viðskipta eða frá lokum viðskiptasambands okkar, nema lög mæli fyrir um lengri varðveislutíma gagna. Upplýsingar sem falla undir bókhaldslög eru varðveittar í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs.

Upplýsingar eru varðveittar lengur sem koma að eiginlegri lögfræðiþjónustu okkar, enda kann vinnsla þeirra að reynast nauðsynleg til að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur. Varðveislutími tekur þá mið af reglum um fyrningarfrést krafna sem getur almennt mest orðið 14 ár. Upplýsingunum kann þó að verða eytt fyrir vegna rekstrarhagkvæmni. En þú hefur þá alltaf rétt á því að biðja um að bæði gögn og upplýsingar um þig verði eytt. Þessi réttur takamarkast þó við að getum ekki sinnt þjónustu okkar án gagnanna og auk þess gæti okkur verið skylt skv. lögum að varðveita upplýsingarnar. Þegar persónuupplýsingar eru ekki lengur nauðsynlegar er þeim eytt.

Öryggi

Lögmenn Fossvogi leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar með sérstöku tilliti til eðlis þeirra. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra. Upplýsingarnar eru öruggar hjá okkur, við sjáum til þess að þær séu geymdar með tryggum hætti í og erum með samning um öryggisafrit. Starfsmenn okkar eru bundnir þagnarskyldu sbr. 22. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998.

Miðlun til þriðju aðila

Lögmenn Fossvogi kunna að miðla persónuupplýsingum þínum til þriðja aðila, svo sem í tengslum við samningssamband þeirra við stofuna, eða vegna lögfræðiþjónustu til þín eða þess fyrirtækis sem þú ert tengiliður fyrir. Persónuupplýsingar þínar kunna jafnframt að vera afhentar þriðja aðila að því marki sem heimilað er eða krafist er á grundvelli viðeigandi laga

eða reglna, s.s. til stjórnvalda, dómstóla, gagnaðila í ágreiningi, vitna, samstarfsaðila viðskiptavina eða annarra hagaðila. Einnig gæti persónuupplýsingum verið miðlað til þriðju aðila sem veita okkur upplýsingataekniþjónustu og aðra þjónustu sem tengist vinnslu og er hluti af rekstri okkar. Að lokum gætu persónuupplýsingar um þig verið afhentar að því marki sem heimilað er eða krafist er á grundvelli viðeigandi laga eða reglna eða til að bregðast við löglegum aðgerðum eins og húsleitum, stefnum eða skv. dómsúrskurði.

Þín réttindi hvað varðar vinnslu persónuupplýsinga

Það er mikilvægt að þær persónuupplýsingar sem Lögmenn Fossvogi vinna með séu bæði réttar og viðeigandi. Því er mikilvægt að okkur sé tilkynnt um allar breytingar sem kunna að verða á persónuupplýsingum þínum. Þú hefur rétt til þess að vita hvaða persónuupplýsingar Lögmenn Fossvogi vinna um þig. Einnig hefur þú almennt rétt á að óska eftir að fá gögn um þig afhent hvenær sem er. Aðgangur að þínum gögnum getur þó verið takmarkaður t.d. vegna persónuverndar annarra einstaklinga. Þú átt rétt á því að fá rangar, villandi eða ófullkomnar persónuupplýsingar um þig leiðréttar og að takmarka og andmæla vinnslu persónuupplýsinga. Við ákveðnar aðstæður getur þú óskað eftir því að persónuupplýsingum um þig verði eytt án tafar, til að mynda þegar að varðveisla upplýsinganna er ekki lengur nauðsynleg miðað við tilgang vinnslunnar eða vegna þess að þú hefur afturkallað samþykki þitt fyrir vinnslu persónuupplýsinganna og engin önnur heimild liggur til grundvallar henni. Sé vinnslan byggð á samþykki er þér hvenær sem er heimilt að afturkalla samþykki þitt.

Samskiptaupplýsingar

Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi persónuverndarstefnu þessa eða hvernig við vinnum með persónuupplýsingar þínar er hægt að hafa samband við umsjónarmann Lögmanna Fossvogi ehf. sem hefur eftirlit með fylgni þessarar stefnu.

Samskiptaupplýsingar:

Lögmenn Fossvogi ehf.
Kjarrvegi 3
108 Reykjavík

sylvia@logmennfossvogi.is

Endurskoðun

Lögmenn Fossvogi geta frá einum tíma til annars breytt persónuverndarstefnu þessari í samræmi við breytingar á persónuverndarlögum eða reglugerðum eða vegna breytinga á því hvernig við vinnum með persónuupplýsingar.

Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið birt á vefsíðu okkar.

Þessi persónuverndarstefna var samþykkt á fundi stjórnar þ. 31. ágúst 2022.